

RE: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 53 : 2301069 - Suðurlandsvegur gegnum Hellu. Deiliskipulag

**Til** : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>  
**Frá** : Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir - VG <sesselja.s.sigurdardottir@vegagerdin.is>  
**CC** : Jón Valgeirsson <jon@ry.is>; María Dís Ásgeirsdóttir - VG <maria.d.asgeirsdottir@vegagerdin.is>; Erna Bára Hreinsdóttir - VG <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; Svanur G. Bjarnason - VG <svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is>; Elín Fjóra Þórarinsdóttir - VG <elin.f.thorarinsdottir@vegagerdin.is>  
**Heiti** : RE: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 53 : 2301069 - Suðurlandsvegur gegnum Hellu. Deiliskipulag  
**Málsnúmer** : 2301069  
**Málsaðili** : Rangárþing ytra  
**Skráð dags** : 30.10.2025 09:10:41  
**Höfundur** : Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir - VG <sesselja.s.sigurdardottir@vegagerdin.is>

Viðhengi [image006.png](#)[image006.png](#)  
[image005.jpg](#)[image005.jpg](#)  
[image004.jpg](#)[image004.jpg](#)

Sæll Birgir

Samkvæmt endurskoðaðri umsögn okkar um deiliskipulagið var tekið fram að við mælum með að umræddri tengingu verði lokað en við munum ekki leggja gegn henni. Við minnum á að þetta stenst ekki veghönnunarreglur og að fækkun tenginga á svæðinu mun auka umferðaröryggi.

Kveðja

**Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir**

Fulltrúi  
Tæknideild Suðursvæðis

[sesselja.s.sigurdardottir@vegagerdin.is](mailto:sesselja.s.sigurdardottir@vegagerdin.is)  
[+354 522 1331](tel:+3545221331)

**Vegagerðin**  
Icelandic Road and  
Coastal Administration

Breiðumýri 2, 800 Selfossi  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

---

**From:** Haraldur Birgir Haraldsson  
**Sent:** þriðjudagur, 28. október 2025 11:41  
**To:** Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir - VG  
**Cc:** Jón Valgeirsson  
**Subject:** Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 53 : 2301069 - Suðurlandsvegur gegnum Hellu. Deiliskipulag

Góðan dag

Vegna síðari umsagnar ykkar vil ég vekja athygli á að forsendur á svæðinu hafa í raun ekki breyst frá gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið og ætti því jákvæð umsögn Vegagerðarinnar við gerð þess deiliskipulags að halda sér að fullu.

Skipulag gerir ráð fyrir eldsneytisafgreiðslu á umræddri lóð og er gert ráð fyrir aðkomu stærri bíla. Það er

okkur ljóst að það er ekki gott að beina umferð slíkra bíla aftur til baka innan lóðarinnar, eða til að snúa við innan hennar, og aftur í gegnum hringtorgið með tilheyrandi hættu og töfum og þess vegna leggjum við mikla áherslu á að núverandi samþykkt tenging til austurs fái að halda sér, enda var hún forsenda þess að stórir bílar kæmust að innan lóðarinnar.

Þessi afstaða Vegagerðarinnar kemur okkur verulega á óvart á þessari stundu og er óskað eftir að umsögn verði veitt að nýju þar sem umrædd tenging fái að halda sér í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Hér er niðurstaða af síðasta fundi okkar:

## 2301069 - Suðurlandsvegur gegnum Hellu. Deiliskipulag

Rangárþing ytra hefur samþykkt að vinna að deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg gegnum Hellu, frá tengingum göngu- og hjólreiðastígar vestan við Rangá og að vegamótum Rangárvallavegar í austri. Skilgreindar verði tengingar og staðsetning stíga og lagna. Eftir auglýsingu tillögunnar barst athugasemd frá Skipulagsstofnun þess eðlis að skipulagsmörk sköruðust við aðrar aðliggjandi skipulagsáætlanir og því þurfi að breyta. Lögð er fram ný tillaga frá Eflu dags. 28.7.2025 þar sem skipulagsmörkin hafa verið samræmd. Tillagan var endurauglýst frá og með 13.8.2025 til og með 1.10.2025. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Mílu, Landsneti, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Veitum, sem gerðu engar athugasemdir en óskuðu eftir samráði við væntanlegar framkvæmdir; frá Brunavörnum Rangárvallasýslu sem gerði engar athugasemdir; frá Náttúruverndastofnun sem gerði engar athugasemdir; frá Þorsteini Kristinssyni sem gerir athugasemdir við útfærslu á gatnamótum Suðurlandsvegar og Rangárvallavegar og frá Vegagerðinni sem gerir athugasemdir við tengingu til austurs inná Suðurlandsveginn frá lóðinni næst hringtorginu.

Skipulags- og umferðarnefnd hefur farið yfir fram komnar umsagnir. Nefndin vill áréttta við Vegagerðina að nú þegar liggur fyrir samþykki Vegagerðarinnar fyrir umræddri tengingu rétt austan við hringtorgið. Nefndin tekur undir með Þorsteini Kristinssyni um nauðsyn þess að gera vegamót Suðurlandsvegar og Rangárvallavegar betri en þau eru í dag, en sér ekki fyrir sér að þær lausnir sem bent er á verði að veruleika á næstu árum. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ræða við Vegagerðina um vegtengingu við Suðurlandsveg 2 og frestar afgreiðslu málsins.

Með kveðju,



Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstinn á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

**Um ábyrgð á tölvupósti**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

**English**

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.